

Höskuldur Björnsson

Úr fórum fjölskyldunnar

Sýning að Kjarvalsstöðum
17. apríl – 2. maí



Höskuldur Björnsson

listmálarí

Mér er það baði heiður og ánaegja að vera beðinn að nefna nafn vinar míns, Höskuldar Björnssonar, listmálarí, við opnuun sýningar á nokkrum verka hans í húsi meistaranna, Kjarvals.

Við hjónin fluttum til Hveragerðis árið 1950 og bjuggum þar í ellefu ár. Þar var þá fjlólmennust byggð listamanna á landi hér, utan höfuðborgarinnar. Ég kynntist þessum mónum öllum og varð sálusfélagi þeirra en nánast varð samband okkar Höskuldar. Við áttum margt sameiginlegt þó að hvor um sig ætti sitt tjáningarför.

Ég á Höskuldi margt og mikil að þakka. Góðar voru gjafir hans en þó betri vináttu. Hann kenndi mér ekki einungis að fara með veiðistöng og sameinast þannig undrum náttúrunnar og yndi heldur opnaði hann mér hulduveröld myndlistarinnar svo að hugur minn gat fylt sömu djúpu gleðinni frammi fyrir málverki eins og ég hafði svo oft notið við lestur bóka og í heimi söngs.

Höskuldur átti baði hagar og hlýðnar hendir er gerðu honum hvert verk létt og hann átti óvenju skarpa sjón á tófura umhverfis síns í náttúru og mannlifi. Hvort tveggja var forsenda þeirra listaverka er eftir hann liggja. Við sjáum nokkur af þeim hér.

Hann var vissulega háður þeim annamörkum í eðli flestra listamanna að vera tímunum saman afhuga vinnu við listsköpun, einkum ef hann fann sig knúinn til að sinna henni, t.d. ljúka verki samkvæmt pöntun. Starfshvötin varð að koma innanfrá og er hún vaknaði varð honum furdulega mikil úr verki. Þó var aldrei slakað á fullkominni trúmannsku við listina. Og á stund náðarinnar skóp hann mikil listaverk. Það er hin mikla umbun og hamingja hvers listamanns og þeirra er næstir standa.

Árið 1957 fórum við hjón ásamt Höskuldi og konu hans, Hallfríði Pálsdóttur, norður um land á bifreiðum okkar og síðan austur á hinar undur fögru askustöðvar hans í Hornafirði. Við dvöldum þarna vikutíma í sumarsól og á þessum dögum fannst mér ég öðlast nýjan skilning á manninum Höskuldi og list hans. Mér þótti sem ólysanleg segurð þessa héraðs vekti að baki allra verka hans, mjúkar linur nesja og voga með fuglinn í fjörunni, naktir tindar í nánd og hríkaleg snjófjöllin í fjarska ásamt sjálfi úthafinu handan sandrifjanna. Listamaðurinn og verk hans töku birtu sina og svip frá askustöðvunum og því góða mannlifi er slíkt umhverfi skapar. Pessu öllu unni hann líka heilum huga.


Það er athyglisvert að listamenn eru oft heppnir í vali maka. Þeim er það og meiri nauðsyn en óðrum mónum, því að það er oft eins og guð leggi svo mikla áherslu á listgáfunu að hann vanraði að gæða þessa einstaklinga þeim hyggindum sem í hag koma, t.d. efnahagslega. Petta vill hann bæta upp með hafnum lífsförunaust.

Hallfríður, kona Höskuldar, var honum ómetanlegur förunautur og gerði heimili þeirra og barnanna að ljúfum helgireit. Hún vakti yfir lífi manns síns og starfi hverja stund, síglöð og uppörvandi á hverju sem gekk og eftir fráfall hans hefur hún gett verka hans eins og fjöreggs síns sem þau og eru. Og nú, með aðstoð fjólskyldu sinnar og vina, hefur hún lagt á sig ómælda vinnu við að koma upp þessari sýningu. Í sumar hefði Höskuldur orðið 75 ára ef hann hefði fengið að lifa. Megi sýning þessi því verða öllum til ánaegju og minningu listamannsins til sóma.

Höskuldur Björnsson og Hallfríður kona hans, búa mér jafnan í hug, tvö saman, umlukin mikilli birtu.

Sýningin er haldin á vegum afstandanda

Hönnun sýningarskrár og prentun: Leturpeint
Setning: Leturval



- | | |
|-----------------------------|------------------------------|
| 1. Við Álftavatn | 36. Stofa í Dilksnesi |
| 2. Úr Pórsmörk | 37. Svanir |
| 3. Frá Hornafirði | 38. Lykill |
| 4. Frá Hornafirði | 39. Drengur við útvarp |
| 5. Glaumbær í Skagafirði | 40. Uppstilling |
| 6. Torfkofi | 41. Frá Hreðavatni |
| 7. Svanur | 42. Frá Hreðavatni |
| 8. Ullarþvottur | 43. Búrfell |
| 9. Úr náttúrunni | 44. Í æðarvarpi |
| 10. Laxá í Kjós | 45. Frá Hornafirði |
| 11. Skaftá hjá Systrastapa | 46. Við Mývatn |
| 12. Teikning | 47. Dilksnes |
| 13. Fuglalíf | 48. Toppönd |
| 14. Úr gilinu í Skaftafelli | 49. Frá Eyrarbakka |
| 15. Teikning | 50. Frá Fljótum í Skagafirði |
| 16. Sveitabær | 51. Úr Hornafirði |
| 17. Frá Pórkötlustaðarnesi | 52. Frá Grundarfirði |
| 18. Tungulækur | 53. Rjúpur |
| 19. Frá Höfn í Hornafirði | 54. Loftstaðir |
| 20. Frá Höfn í Hornafirði | 55. Úr Fljótum í Skagafirði |
| 21. Frá Höfn í Hornafirði | 56. Straumendur |
| 22. Frá Hornafirði | 57. Úr glugga í Hveragerði |
| 23. Frá Pórkötlustaðarnesi | 58. Portrait |
| 24. Frá Pórhötlustaðarnesi | 59. Fjörulíff |
| 25. Hringjarinn | 60. Systrastapi |
| 26. Torfkofi | 61. Rjúpur |
| 27. Pósturinn | 62. Æðarhjón |
| 28. Lundamessa | 63. Hrafnar |
| 29. Baðstofulíff | 64. Úr Víðimýrarkirkju |
| 30. Rjúpur | 65. Himbrimi |
| 31. Hofell í Nesjum | 66. Hestar |
| 32. Blóm | 67. Æðarkolla með unga |
| 33. Rjúpur | 68. Frá Laugarvatni |
| 34. Uppstilling | 69. Rjúpa |
| 35. Fálki | 70. Svartfugl |

71. I Laufási
72. Rúning
73. Hús á Akureyri
74. Hús á Akureyri.
75. Lóa við hreiður
76. Stokkandarsteggur
77. Straumendur
78. Blómakarfa
79. Núpsstaður
80. Rjúpur
81. Frá Hornafirði
82. Handrit
83. Undan Eyjaföllum
84. Í útilegu
85. Úr Straumfirði
86. Frá Þorlákshöfn
87. Frá Hornafirði
88. Rjúpa
89. Landslag
90. Frá Hreðavatni
91. Frá Þorlákshöfn
92. Uppstilling
93. Úr vinnustofu
94. Hrafnar
95. Tjaldur
96. Loftstaðir
97. Kona
98. Maður
99. Frá Höfn í Hornafirði
100. Uppstilling
101. Rjúpur
102. Hrafnar
103. Kýr
104. Svanir
105. Útilega

106. Rjúpur
107. Frá Stapa í Hornafirði
108. Kirkjufell
109. Landslag
110. Uppstilling
111. Reykjafoss í Varmá
112. Frá Höfn í Hornafirði
113. Brunnhorn
114. Frá Höfn í Hornafirði
115. Úr Landmannalaugum
116. Uppstilling
117. Músaþindill
118. Frá Hveragerði
119. Úr Fljótum í Skagafirði
120. Frá Hornafirði
121. Kona að störfum
122. Frá Höfn í Hornafirði
123. Rjúpur
124. Svanir
125. Svanir
126. Lundar
127. Kríur
128. Rjúpur
129. Vestmannaeyjar
130. Músaþindill
131. Hrafn
132. Svanir
133. Skálatindar
134. Frá Þorlákshöfn
135. Úr Viðimýrarkirkju
136. Úr Viðimýrarkirkju
137. Úr Glaumbæ í Skagafirði
138. Álfadrottning
139. Dúkristur



H.B.-YO